

Erindisbréf útbreiðslunefndar FIE

1 Almennt

Skv. 7. gr. samþykkt Félags um innri endurskoðun (FIE)¹ getur stjórn félagsins sett á laggirnar aðrar nefndir en þær sem tilgreindar eru í samþykktum félagsins. Stjórn félagsins telur mikilvægt að efla kynningu á innri endurskoðun og félaginu meðal innlendra aðila sem standa utan félagsins. Stjórn félagsins hefur því ákveðið að setja á stofn sérstaka útbreiðslunefnd. Markhópur útbreiðslunefndar skal vera innlendir aðilar sem standa utan félagsins. Markhópur fræðslunefndar skal vera félagsmenn í FIE og markhópur alþjóðanefndar eru alþjóðlegir samstarfsaðilar og systurfélög FIE.

Útbreiðslunefnd skal vinna störf sín í samráði við stjórn. Nefndarmönnum er óheimilt að skuldbinda félagið án undangengins samþykkis stjórnar. Stjórn skal boða nefndir félagsins á samráðsfund a.m.k. einu sinni á ári.

2 Nefndarmenn

Útbreiðslunefnd skal skipuð þremur nefndarmönnum hið minnsta. Formaður nefndarinnar er skipaður af stjórn félagsins til eins árs í senn. Aðrir nefndarmenn eru valdir af formanni hennar og eru þeir jafnframt skipaðir til eins árs í senn. Nefndarmenn skulu vera félagar í FIE.

3 Hlutverk

Hlutverk útbreiðslunefndar er að stuðla að aukinni þekkingu og viðurkenningu í samfélaginu á innri endurskoðun sem faggrein, kynna FIE og fjölga félagsmönnum. Til verkefna nefndarinnar teljast t.d. eftirfarandi:

- Skipulag kynninga á félaginu og innri endurskoðun í samstarfi við fræðslunefnd.
- Auka vitund háskólanema um val á innri endurskoðun sem starfsvettvangi.
- Auka skilning stjórnar og stjórnenda fyrirtækja og stofnana á því hvaða virðisauka innri endurskoðun getur skilað skipulagsheildum þeirra.
- Þátttaka í umræðu um innri endurskoðun, t.d. viðtöl í sjónvarpi/útvarpi.
- Útbúa hverskyns kynningar- og námsefni sem telja má að henti best til að koma ofangreindum atriðum á framfæri, s.s.
 - uppsetning á einblöðungi um innri endurskoðun til almennrar dreifingar,
 - ritun fræðigreina og -rita til opinberrar birtingar,
 - glærugerð og fyrirlestrar, bæði á vegum FIE og utan þess (gestafyrirlestrar),
 - myndbandsgerð til opinberrar sýningar,

Formaður útbreiðslunefndar skal hafa umsjón með val á verkefnum á hverju starfsári og samhæfingu þeirra á milli í nánu samráði við stjórn félagsins.

¹ Samþykkt á stofnfundi 12. febrúar 2003. Breytt á aðalfundi 25. maí 2005, á aukaaðalfundi 27. nóvember 2007, á aðalfundi 27. maí 2010 og á aðalfundi 21. maí 2014.

Í þeim tilvikum þegar kynningarviðburður er bæði ætlaður félagsmönnum og utanfélagsmönnum, skal útbreiðslunefnd vera í samstarfi við fræðslunefnd um skipulagningu slíkra viðburða. Yfirstjórn slíkra sameiginlegra viðburða skal vera í höndum fræðslunefndar.

Útbreiðslunefnd skal miða við að kostnaður við kynningarstarf sé í samræmi við fjárhagsáætlun sem hlotið hefur samþykki stjórnar félagsins.

4 Samskipti við stjórn og aðrar nefndir FIE

Útbreiðslunefnd skal í septembermánuði ár hvert leggja fyrir stjórn áætlun um kynningar- og útbreiðslustarf ársins ásamt fjárhagsáætlun til samþykkis. Meiri háttar breytingar á starfsáætlun nefndarinnar skal bera undir stjórn til yfirferðar og samþykkis.

Útbreiðslunefnd skal senda stjórn afrit af fundargerðum nefndarinnar og skulu fundargerðir berast stjórn innan 10 daga frá viðkomandi nefndarfundi.

Útbreiðslunefnd skal árlega gera stjórn grein fyrir starfi sínu á sérstökum fundi, áður en aðalfundur félagsins er haldinn í maímánuði ár hver. Á fundinum skal farið yfir starf ársins í samanburði við starfsáætlun, rekstur í samanburði við fjárhagsáætlun og marka stefnu fyrir komandi starfsár.

Nefndin skal reglulega koma fréttum af störfum sínum til fræðslunefndar sem annast dreifingu upplýsinga á heimasíðu og í fréttablaði FIE.

5 Endurskoðun erindisbréfs

Erindisbréf þetta kemur árlega til endurskoðunar. Þá skal á grundvelli fenginnar reynslu kveða skýrar á um atriði sem óljós þykja eða taka til endurskoðunar verksvið og verkefni útbreiðslunefndar FIE.

29. maí 2015

f.h. stjórnar Félags um innri endurskoðun



Ágúst Hrafnkelsson,
stjórnarformaður